

Föstudaginn 14. desember 1990.

Nr. 463/1990. **Ákærvaldið**

gegn

H.H.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson.

Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1990. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari gerir þá kröfu, að úrskurðurinn verði staðfestur að niðurstöðu til.

Varnaraðili hefur viðurkennt við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Akureyri að hafa brotist inn í húsið Skólastíg 7 á Akureyri að kvöldi 5. þ.m. og stolið þar peningum. Hann liggur og undir grun um sams konar brot að Hafnarstræti 104 þar í bæ sama kvöld. Ódæmd eru mál samkvæmt þremur ákærum á hendur varnaraðila fyrir allmörg ætluð þjófnaðar- og skjalafalsbrot, framin aðallega á árunum 1989 og 1990. Af gögnum málsins verður ráðið, að varnaraðili hefur fyrir sakadómi viðurkennt 11 þjófnaði, sem ákært var fyrir 28. febrúar 1990. Hjá ríkissaksóknara liggja og gögn frá rannsóknarlögreglu ríkisins um ætlað tékkafals varnaraðila.

Telja verður hættu á, að varnaraðili haldi áfram brotastarfsemi, ef hann gengur laus, en hann er heimilisláus og án atvinnu. Með vísan til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Eins og málinu er háttað, er ekki þörf á, að um framkvæmd fari eftir 2. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 74/1974, en þar segir, að gæslufangar skuli að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi. Af þessum sökum og með tilliti til þess, hve ungur varnaraðili er, þykir eiga að kveða á um það með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1988 um fangelsi og fangavist, að um varðhald varnaraðila fari að þessu leyti eins og hann væri afplánunarfangi.

Lýsingu sakargifta og málavaxta er mjög ábótavant í hinum kærða úrskurði, sbr. 164. gr. laga nr. 74/1974, og ber að átelja það.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, H.H., sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 18 mánudaginn 7. janúar 1991, en vistun hans skal vera með sama hætti og vistun afplánunarfanga.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 8. desember 1990.

Með kröfu, dags. 7. þ.m., krefst lögreglustjórinn á Akureyri þess, að H,...[fæddur 1972], verði úrskurðaður til þess að sæta gæsluvarðhaldi til mánudagsins 7. janúar 1991 vegna sibrota, til þess að megi koma yfir hann dómi, og vísar til 3. tl. og 5. tl. 67. gr. l. 74, 1974, kröfum til stuðnings.

H hefur ekki hlotið dóm, en á langan sibrotaferil.

Hann á engan fastan dvalarstað.

Með vísan til ofanritaðs er framkomin gæsluvarðhaldskrafa tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

H,....., skal sæta gæsluvarðhaldi til kl. 18.00 mánudaginn 7. janúar 1991.
